

## FRÆÐSLA FULLORÐINNA Á ÍSLANDI

**Þótt nám og fræðsla fullorðinna, bæði í hinu opinbera skólakerfi og utan þess, hafi í gegnum tíðina gegnt mikilvægu hlutverki á Íslandi hefur sú fræðsla ekki verið með í umræðu um þróun menntunar í landinu fyrr en aðeins á allra síðustu árum. Segja má að fræðsla fullorðinna sé ofin úr tveimur þáttum, annars vegar formlegu námi, námskeiðum og námsleiðum, og hins vegar óformlegu námi af ýmsu tagi. Í greininni er farið stuttlega yfir sögu fullorðinsfræðslu á Íslandi og umhverfi fræðslunnar í dag.**

## SAGAN

Fullorðnum hefur lengi staðið til boða að taka þátt í formlegu námi, á námskeiðum utan hins opinbera skólakerfis, eins og í lýðháskólum, bréfaskólum og í námsflokkum, eða með þátttöku í annars konar námi. Sem dæmi má nefna Bréfaskóla SÍS, og síðar SÍS og ASÍ, sem naut mikilla vinsælda um miðja síðustu öld. Námsflokkar Reykjavíkur voru stofnaðir árið 1939 og í kjölfarið fylgdu önnur sveitarfélög og komu á svipuðu námi á árunum þar á eftir. En frá því á áttunda áratug síðustu aldar hefur þessi hluti fullorðinsfræðslunnar í auknum mæli færst inn í opinbera skólakerfið. Þetta á við um bæði framhaldsskóla- og háskólastigið. Í framhaldsskólunum eru öldungaeildirnar eitt skýrasta dæmið um þessa þróun en á háskólastiginu hefur fullorðnum staðið til boða æ fjölbreyttara úrval af námskeiðum og starfstengdu námi sem hægt er að taka meðfram vinnu, á síðustu árum undir merkjum símenntunardeilda þeirra.

Þá hefur fullorðnum lengi staðið til boða ótrúlega margvíslegt óformlegt nám. Sem dæmi um slíkt má nefna leshringi, fræðafélög, almenna fyrirlestra og fræðslufundi. Uppbygging bókasafna og öflug tímaritaútgáfa hafði einnig mikil áhrif á alþýðufræðslu á Íslandi á síðustu öld. Það voru þó ekki einungis prentaðir miðlar sem áttu sinn þátt í fræðslu fullorðinna. Ríkisútvarpið átti ekki síður drjúgan þátt í fræðslustarfseminni með útsendingum sínum, á fyrri hluta aldarinnar með hljóðvarpi og þeim síðari með sjónvarpi, t.d. með tungumálakennslu. Hlutverk Ríkisútvarpsins í alþýðufræðslu var áreiðanlega jafnmikilvægt á þessu tímabili og hlutverk veraldarvefsins í þróun upplýsingasamfélagsins á síðasta áratug tuttugustu aldarinnar.

Sé þróun síðustu aldar skoðuð nánar kemur í ljós að um

leið og fjölbreytt úrval margs konar námskeiða og náms fléttast smám saman við námsframboð í hinu formlega skólakerfi spretta fram ný tilboð utan þess. Óhætt er að staðhæfa að aldrei hefur fullorðnum staðið til boða jafnmikið úrval námskeiða og í dag. Ekki er hægt að fullyrða að þetta nám sem boðið er upp á verði tekið upp í formlega skólakerfinu en þó má greina, í ljósi reynslunnar, ákveðna tilhneigingu til þess. Í takti við auknar kröfur upplýsingasam- félagsins um almenna færnieflingu til þess að mæta sívaxandi kröfum um samkeppnishæfni samfélagsins verður símenntun sennilega sá hluti menntakerfisins sem þróast örast á næstu árum og áratugum. Búast má við að í kjölfarið spretti upp nýjar hugmyndir um fullorðinsfræðslu. Þetta kann að verða mesta breytingin á menntun í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar.

Árið 1998 gaf menntamálaráðuneytið út skýrslu um símenntun og hvernig auka mætti þátttöku Íslendinga í henni (Menntamálaráðuneytið, 1998). Þar kom fyrst fram að mikilvægt væri að veita þeim sem ekki hafa lokið framhaldsskóla annað tækifæri til menntunar. Eftir samninga á almennum markaði lýstu stjórnvöld á Íslandi því yfir þann 13. desember árið 2001 að þau myndu í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins efla starfsmenntun í atvinnulífinu. Í kjölfar þess var Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) stofnuð í árslok 2002 af Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Samtökum atvinnulífsins (SA). Starfsemin hófst um mitt ár 2003 en stöðin var formlega opnuð þann 21. nóvember sama ár. Fræðslumiðstöðin er í eigu ASÍ og SA en starfar samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2003).



Sigrún Kristin Magnúsdóttir

## FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Samkvæmt þjónustusamningnum á FA að aðstoða menntamálaráðuneytið við að auka framboð á námi fyrir skammskólagengið fólk á vinnumarkaði og vinna að mati á því námi sem boðið er upp á til framhaldsskólæininga. Í þessu skyni hefur FA skrifað margar námsskrár, ýmist til þess að lýsa því námi sem í boði er og reynsla er komin á eða til þess að móta nýtt nám. Námskrárnar hafa verið lagðar fyrir matsnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem metur námið til styttingar á námi í framhaldsskóla. Á þann hátt eru fjármunir og tími, bæði einstaklinga og samfélagsins, best nýttir. Þá á FA að þróa aðferðir við mat og skráningu á raunfærni sem fólk hefur aflað sér með starfsreynslu, sjálfsnámi o.fl. Einnig á FA að auka gæði fullorðinsfræðslu og starfsfræðslu á vinnumarkaði og hvetja fullorðna til náms.

Óhætt er að segja að fullorðinsfræðsla á Íslandi á allra síðustu árum hafi þróast að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins. Það mun skipta sköpum fyrir þróun hennar á næstu árum að aðilar vinnumarkaðarins og fyrirtækja geti komið sjónarmiðun sínum að. Séu aðstæður til fullorðinsfræðslu á Íslandi bornar saman við hvernig þær eru annars staðar á Norðurlöndunum kemur í ljós að atvinnulífið kemur að stjórnun og þróun fræðslunnar á sérstakan hátt hér og það sama á við um fjármögnun. Á Norðurlöndunum er fullorðinsfræðsla yfirleitt fjármögnuð af opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum, en hér eru það oftast ekki samtök bæði vinnuveitenda og launþega sem eiga frumkvæði að fræðslunni og fjármagna hana ásamt einstaklingunum sjálfum. Á Íslandi er algengast að þátttakendur greiði sjálfir 90 til 100% af námskeiðsgjöldum en þeir geti svo sótt um að fá hluta þeirra endurgreiddan úr þeim starfsmenntasjóði sem þeir eiga aðild að.

## LAGASETNING

Lög um fullorðinsfræðslu voru sett árið 1992 (Lög um almenna fullorðinsfræðslu nr. 47/1992) en þau voru svo numin úr gildi þegar ný lög um framhaldsskóla voru sett

(Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996). Á þeim árum sem löggin voru í gildi var aldrei lagt fram neitt fé í fjárlögum sem þurfti til þess að fylgja lögunum um fullorðinsfræðslu eftir og það gæti verið ein af ástæðunum fyrir því að þau voru afnumin. Í lögunum frá 1996 eru þrjár greinar um fullorðinsfræðslu. Samkvæmt þeim er framhaldsskólum heimilt að reka bæði kvöldskóla og símenntunarmiðstöðvar með nám fyrir fullorðna.

Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu voru samþykkt á Alþingi vorið 1992 með það að markmiði að styrkja stöðu starfsfólks og fyrirtækja á Íslandi og um leið var starfsmenntasjóður settur á laggirnar (Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992).

Árið 2002 voru sett lög um útlendinga (Lög um útlendinga nr. 96/2002) og árið þar á eftir reglugerð sem kveður á um íslenskukennslu fyrir þá (Reglugerð um útlendinga nr. 53/2003). Samkvæmt henni þurfa útlendingar sem óska eftir búsetuleyfi á Íslandi að ljúka að minnsta kosti 150 stunda námi í íslensku áður en þeim er veitt slíkt leyfi.

Hagstofa Íslands sér um að safna saman upplýsingum um skólalæsi á landinu. Á vef hennar er að finna talnaefni um öll stig í formlega skólakerfinu en ekkert um annað nám, s.s. fullorðinsfræðslu, hvorki um starfsemi símenntunarmiðstöðva né annarra fullorðinsfræðsluadila.

## ÁBYRGÐ RÁÐUNEYTA

Fræðsla fullorðinna er á ábyrgð margra ráðuneyta á Íslandi. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn menntamála:

Skrifstofa menntamála undirbýr mótun og framkvæmd menntastefnu og sér um almenna stjórnsýslu á sviði menntamála innan ráðuneytisins. Skrifstofan fjallar um málefni allra skólástiga, þ.e. leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigs og auk þess m.a. um símenntun, þróun nýjunga í skólastarfi, þ.m.t. fjarkennslu, og námsstyrki (Menntamálaráðuneytið, e.d.).

Leikskólar og grunnskólar eru fjármagnaðir af sveitarfélögum en framhaldsskólar og háskólar af ríkinu. Um það bil tuttugu prósent framhaldsskólanna eru einkaskólar. Af átta háskólum eru þrjár þeirra sjálfseignarstofnanir sem eru reknar fyrir framlög frá ríkinu.

Landbúnaðarráðuneytið ber ábyrgð á menntun og rannsóknunum í landbúnaði (Lög um búnaðarfræðslu nr. 57/1999). Tveir háskólar, Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri og Hólaskóli — Háskólinn á Hólum, veita menntun á þessu sviði. Við báða skólana eru reknar símenntunarstofnanir og þær bjóða upp á úrval af námi fyrir fullorðna í landbúnaði, garðyrkju, ferðaþjónustu, umhverfismálum og fleiri greinum.

Sjávarútvegsráðuneytið ber ábyrgð á fullorðinsfræðslu í fiskvinnslunni:

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir ráðuneytið og hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin stendur fyrir námskeiðahaldi af ýmsu tagi, gefur út námsefni og kynningarbæklinga um sjávarútveg og stuðlar að aukinni gæðavitund starfsfólks í sjávarútvegi með ýmsum hætti (Sjávarútvegsráðuneytið, e.d.).

Starfsfræðsla í atvinnulífinu og menntun atvinnulausra heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Vorið 1992 voru sett lög um starfsmenntasjóð:

Markmið laganna er að styrkja stöðu starfsfólks og fyrirtækja á Íslandi meðal annars með úthlutun úr starfsmenntasjóði. Hvatning til símenntunar innan fyrirtækja og aukinn hreyfanleiki og lífsgæði starfsmanna eru talin forsendur fyrir því að þessi markmið náist.

Starfsmenntaráð heyrir undir félagsmálaráðuneytið og skipar félagsmálaráðherra sjö menn til setu í ráðinu til tveggja ára í senn. Þar sitja þrír fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins, tveir frá Alþýðusambandi Íslands, einn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og einn fulltrúi félagsmálaráðherra. Menntamálaráðuneytið hefur áheyrnarfulltrúa í ráðinu (Vinnuálastofnun, e.d.).

## FRAMKVÆMDAADILAR UM FULLORÐINSFRÆÐSLU

### *Sjóðir*

Flestar starfsstéttir á Íslandi hafa í dag aðgang að starfsmenntasjóði. Samið hefur verið um að vinnuveitandi greiði hlutfall launa í þessa sjóði. Launþegar geta annaðhvort sótt um að fá námskeiðsgjöld sem þeir hafa þegar greitt endurgöldin að hluta eða að fullu eða þeir geta sótt nám-

skeið sér að kostnaðarlausu sem vinnuveitendur eða stéttarfélög hafa fengið styrki til að halda.

Í samningaviðræðum árið 2000 urðu nokkur af fjölmennustu stéttarfélagunum sammála um að koma á laggirnar sérstökum starfsmenntasjóðum. Starfsafl, Landsmennt, Sjómennt og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks eru dæmi um slíka sjóði. Markmiðið er að styðja menntun ófaglærðs starfsfólks. Nýtt skref í þessu verkefni var tekið í samningaviðræðum 2003–2004 þegar sum félaganna sammæltust um að kanna möguleika á því hvort hægt væri að koma á einstaklingsbundnum sjóðum þar sem hægt væri að safna upp réttindum til menntunar á líkan hátt og gert er við söfnun til lífeyrisréttinda og hækka greiðsluna til sjóðanna vegna þessa.

### *Símenntunarmiðstöðvar*

Árið 1997 hóf fyrsta símenntunarmiðstöðin starfsemi sína. Á næstu árum var samtals átta símenntunarmiðstöðvum til viðbótar komið á laggirnar um landið allt — nema á höfuðborgarsvæðinu. Þar hefur samstarf ýmissa aðila í fullorðinsfræðslu, s.s. Menningar- og fræðslusambands alþýðu, Mímis-símenntunar og Námsflokka Reykjavíkur, stöðugt aukist. Símenntunarmiðstöðvarnar eru ólíkar í uppbyggingu en eiga sameiginlegan uppruna ef svo má segja. Að þeim standa sveitarfélög, framhaldsskólar, stéttarfélög og fyrirtæki með ýmsum hætti. Með tilkomu þeirra hefur þátttaka fullorðinna í menntun aukist á öllum sviðum, á framhaldsskólastigi, í háskólamenntun og síðast en ekki síst í ýmsu sérsniðnu námi, m.a. eftir námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í ljósi þessa hefur þörfin fyrir raunfærnimat, bæði gagnvart atvinnulífinu og til að meta færni til námseininga í framhaldsskóla, farið ört vaxandi á síðustu árum.

### *Framhaldsskólar*

Á Íslandi eru um 40 framhaldsskólar. Þar af eru níu sérskólar, ballett-, myndlistar-, lista- og hússtjórnarskólar. Hinir eru menntaskólar, iðnskólar eða fjölbrautaskólar þar sem nemendur hafa tækifæri til þess að velja á milli fræðilegs náms eða starfsmennta. Hluti fjölbrautaskólanna

eru starfsmenntaskólar. Þeir eru yfirleitt sérhæfðir, svokallaðir kjarnaskólar, sem eru sérbúnir með tilliti til húsnæðis og tækjabúnaðar, s.s. fyrir bílgreinar, rafiðnir eða matvælagreinar.

Í skólunum er venjulega um að ræða tvenns konar námsframboð fyrir fullorðna. Annars vegar eru öldungadeildir fyrir þá sem vilja taka stúdentspróf til þess að komast í háskóla. Nám þar er hægt að stunda annaðhvort með því að sækja kvöldskóla þar sem boðið er upp á hefðbundna kennslu, sambærilega við þá sem unglíngarnir hljóta í skólunum, eða stunda fjarnám. Öldungadeildirnar eru frábrugðnar dagskólunum að því leyti að þar eru kennslustundir á bak við hverja einingu færri en í dagskólunum, kennsluna á að miða við þarfir fullorðinna og nemendurnir þurfa að greiða talsvert meira fyrir hana en í dagskóla, eða sem nemur um þriðjung af kostnaði. Hins vegar býðst fullorðnum sí- og endurmenntun við símenntunarmiðstöðvar framhaldsskólanna þar sem skólarnir bjóða upp á námskeið í samvinnu við fagfélög, stéttarfélög, vinnuveitendur eða aðra aðila. Kostnaðinum verður skólinn að halda aðskildum frá öðrum rekstrarkostnaði og þeir sem standa fyrir námskeiðunum í samvinnu við skólann eða þátttakendur verða að standa fyrir þeim kostnaði með námskeiðsgjöldum. Rekstur framhaldsskóla á Íslandi er að öðru leyti fjármagnaður af ríkinu.

#### Háskólar

Á Íslandi eru átta háskólar. Í flestum þeirra eru sérstakar deildir sem eru reknar sem miðstöðvar fyrir símenntun fullorðinna. Framboði þeirra er í grófum dráttum hægt að deila í tvennt: Þar er breitt úrval af ýmsum námskeiðum í tölvufærni, tungumálum, bókmenntum, hönnun og listum, og síðan er boðið upp á styttri eða lengri starfsmenntun sem lýkur með diplómagraðu, s.s. í markaðsfræðum og verkefna- og starfsmannastjórnun. Samstarf háskólanna og símenntunarmiðstöðvanna níu um fjarnám eykst sífellt. Þar er oftast en ekki um að ræða formlegt nám sem leiðir til starfsréttinda, t.d. fyrir leikskólakennara og hjúkrunarfræðinga.

#### Fullorðinsfræðsla sveitarfélaganna

Fyrsti kvöldskólinn á Íslandi, Námsflokkar Reykjavíkur, var stofnaður árið 1939. Í byrjun bauð skólinn aðeins upp á tómstundanámskeið en snemma á áttunda áratugnum var farið að bjóða upp á vinnumarkaðstengd starfsmenntanámskeið, ætluð ófaglærðum. Síðar var farið að bjóða upp á sérstök námskeið fyrir þá sem eiga við lestrar- og skriftarörðugleika að stríða. Þá hefur skólinn einnig boðið upp á nám fyrir fullorðna sem vilja ljúka grunnskóla og eins upp á nám í íslensku fyrir innflytjendur. Sumarið 2005 hófst endurskipulagning á starfsemi Námsflokka en upplýsingar um hvaða breytingar verða á rekstri þeirra liggja ekki fyrir. Kvöldskólar eru einnig reknir í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur, Kópavogi og Hafnarfirði. Þar er boðið upp á fjölbreytt námskeið, bæði starfstengd og tómstundamiðuð.

#### Stéttarfélög og verkalýðshreyfingin

Flest stéttarfélög bjóða félögum sínum upp á margs konar sí- og endurmenntun. Starfsemin er með mismunandi hætti. Sum þeirra reka eigin skóla, eins og Rafiðnaðarskólinn sem er í eigu RSÍ (Rafiðnaðarsambands Íslands) og SART (Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði). Önnur stéttarfélög bjóða upp á ýmiss konar námskeið í samvinnu við ýmsa aðila eins og framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar innan þeirra, t.d. Matvís, matvæla- og veitingasamband Íslands.

Á Íslandi er löng hefð fyrir því að stéttarfélög bjóði upp á fullorðinsfræðslu. Í upphafi var aðeins um fagmenntun að ræða en á síðari árum eru þau mörg farin að kaupa þjónustu af öðrum og bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða í samstarfi við fræðsluaðila eins og Mími-símenntun og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni.

Síðan 1969 hefur Menningar- og fræðslusamband alþýðu (MFA) tekið virkan þátt í fræðslu fullorðinna. Með Félagsmálaskóla alþýðu var markmiðið að veita meðlimum stéttarfélaganna fræðslu í ræðumennsku og funda- og félagsstörfum, styrkja sjálfstraust og stuðla að þroska og færni til þess að vinna að auknum lífsgæðum verkafólks.



MFA skipulagði einnig styttri og lengri námskeið fyrir atvinnulausa og ófaglærða, sem og lýðskólakennslu. Einstaka námskeið nutu styrkja frá hinu opinbera. Skömmu eftir aldamótin var starfsemi MFA skipt. Starfsemi Félagsmálaskóla alþýðu fluttist til ASÍ og þar eru í boði fagnámskeið fyrir trúnaðarmenn og fjölbreytilegt úrval námskeiða sem snerta grundvallarréttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda. Þann 1. janúar 2003 var Mímir-símenntun, sem er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og starfar á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar, stofnað. Hjá Mími-símenntun er boðið upp á fjölmörg fagnámskeið og tómsundanámskeið og einnig námskeið fyrir atvinnulausa, nýbúa og fólk með lesraskanir.

#### *Frjáls félagasamtök*

Önnur félagasamtök, eins og kvenfélög, ungmennafélög og umhverfisverndarsamtök, bjóða fullorðnum einnig upp á margvísleg námskeið.

#### *Einkaskólar*

Þá eru ótaldir einkaskólar sem höfða til fullorðinna með margbreyttum námskeiðum og ýmiss konar tilboðum um menntun sem svarar eftirspurn markaðarins. Á allra síðustu árum hefur eftirspurn fyrst og fremst verið eftir tölvu- og tungumálalækingu, enda eru óteljandi námskeið á því sviði í boði.

## HEIMILDIR

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2003). *Þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins við ASÍ og SA*. Sótt 9.11.2005 af: [www.fraedslumidstod.is/default.asp?id=521](http://www.fraedslumidstod.is/default.asp?id=521).

*Lög um almenna fullorðinsfræðslu nr. 47/1992.*

*Lög um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 með áorðnum breytingum 71/2004.*

*Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996.*

*Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992.*

*Lög um útlendinga nr. 96/2002.*

Menntamálaráðuneytið. (e.d.). *Menntamál*. Sótt 9.11.2005 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/malaflokkar/Menntun/>.

Menntamálaráðuneytið. (1998). *Símenntun, afl á nýrri öld*. Álit nefndar um símenntun. Reykjavík.

*Reglugerð um útlendinga nr. 53/2003.*

Sjávarútvegsráðuneytið. (e.d.). *Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar*. Sótt 9.11.2005 af: <http://sjarvartvegsraduneyti.is/starfsfraedslunefnd/almennt>.

Vinnumálastofnun. (e.d.). *Um starfsmenntaráð*. Sótt 9.11.2005 af: <http://www.starfsmenntarad.is/page.asp?id=901>.

## UM HÖFUNDINN

Sigrún Kr. Magnúsdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hún er ritstjóri Gáttar og fulltrúi Íslands í norrænu tengslaneti um nám fullorðinna. Sigrún Kristín hefur B.A.-próf frá Háskóla Íslands í norsku, tónlistarfræðum og heimspæki, M.sc.-próf í stjórnsýslu og ferðaþjónustu frá University of Massachusetts og kennsluréttindi frá Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur sinnt ýmsum störfum við menntun og fræðslu fullorðinna frá 1987, sem framkvæmdastjóri fræðsluráðs hótél- og veitingagreina og kennslustjóri Hótél- og matvæðaskólans í MK og Lista-háskóla Íslands. Sigrún Kristín hefur einnig sinnt þýðingum, bæði kennslubóka og bókmenntaverka.

## ABSTRACT

Though adult education and training, both in the formal school system and outside, have always played an important role in Iceland, they were not included in the discussions on the development of education at a national level until very recently. One could say that adult education is an amalgam of two elements, on the one hand formal education, courses and educational offers, and on the other informal education of various forms. The article briefly reviews the history of adult education in Iceland and its current environment.